

kölluninni innan loka innköllunarfrests, fellur verðbréfið ásamt vöxtum og arði eða andvirði þess, óskert í ríkissjóð.“

Ekki verður talið, að lagaákvæði þetta eitt út af fyrir sig veiti fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs fulla eignarheimild að fyrrgreindu veðskuldabréfi, enda þótt eigandi þess hafi ekki gefið sig fram. Þá eru og engin rök að því leidd, að frumrit bréfs þessa sé glatað eða horfið.

Þegar þetta er virt, þykja ekki efni til að leyfa útgáfu stefnu til ógildingar á fyrrgreindu veðskuldabréfi.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Synjað er um leyfi til útgáfu stefnu til ógildingar á framan-
greindu veðskuldabréfi.

Fimmtudaginn 5. maí 1955.

Nr. 87/1954. **Magnús Vigfússon** (Kristinn Gunnarsson hdl.)
gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
(Jónas Thoroddsen hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um ábyrgð Reykjavíkurbæjar vegna váttryggingar húseigna
í bænum.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1954 og fengið gjafsókn í því. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 12.581.61 eða til vara aðra lægri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 17. nóvember 1946 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Laun skipaðs málflytjanda áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00, greiðist úr ríkissjóði, en að öðru leyti ber hvor aðili sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málflutningslaun skipaðs málflytjanda áfrýjanda fyrir Hæstarétti, héraðsdómslögmanns Kristins Gunnarssonar, kr. 1800.00, greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti ber hvor aðili sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. apríl 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., hefur Magnús Vigfússon húsasmíðameistari, Bókhlöðustíg 11, hér í bæ, sem fengið hefur gjafsókn í héraði með bréfi dómsmálaráðherrans, dags. 26. marz 1953, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. s. m., gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, *aðallega* til greiðslu á kr. 12.581.61 auk 6% ársvaxta frá 17. nóvember 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, en *til vara* til greiðslu lægri fjárhæðar eftir mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og ríflegs málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Hinn 17. nóvember 1946 brann nokkur hluti húss stefnanda nr. 11 við Bókhlöðustíg, hér í bænum. Húsið var þá vátryggt hjá Almennum tryggingum h/f, hér í bæ, samkvæmt samningi milli þess félags og bæjarstjórnar Reykjavíkur f. h. Reykjavíkurkaupstaðar. Samningur þessi gildi frá 1. apríl 1944 um 5 ára bil, og segir í 2. gr. samningsins, að hann sé gerður samkvæmt lögum nr. 1 frá 26. marz 1924 og lögum nr. 87 frá 1943. Í desembermánuði 1946 fékk stefndi tilkynningu frá vátryggingarfélaginu um það, að tjón á húsi hans vegna brunans hafi verið metið á kr. 28.600.00. Stefnandi taldi sig eftir atvikum geta unað þessari bótafjárhæð og fór nokkru síðar á skrifstofu vátryggingarfélagsins í því skyni að sækja tjónsbæturnar, er hann taldi víst, að hann mundi fá greiddar að fullu. En þegar á skrifstofuna kom, var honum tjáð, að félagið vildi aðeins greiða kr. 16.018.39 sem fullnaðargreiðslu. Þar sem stefnandi vildi ekki una þessu, höfðaði hann mál á hendur vátryggingarfélaginu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 1. júní 1947, til greiðslu fjárhæðar þeirrar, sem tjónið hafði verið metið til. Reisti stefnandi kröfur sínar á hendur félaginu á því, að samkvæmt fyrrnefndum lögum skyldu öll hús í Reykjavík vera fulltryggð og vá-

tryggingarfjárhæð þeirra ákveðin með mati dómkvaddra manna sem fullt tryggingarverð eftir ákvæðum laganna sjálfra. Samkvæmt þessu taldi stefnandi, að váttryggingarverð húss hans, eins og það var, er bruninn varð, væri full trygging hússins, þó þannig, að hann ætti aldrei kröfu til hærri fjárhæðar en váttryggingarverðsins, þó að húsið kynni að eyðileggjast algerlega í eldsvoða, en hins vegar lögvarða kröfu til fullra tjónbóta vegna bruna, meðan mat tjónsins færi eigi fram úr váttryggingarverðinu.

Váttryggingarfélagið taldi á hinn bóginn, að samkvæmt samningi þess við Reykjavíkurbæ bæri því eigi að greiða meira af brunatjóni neins húss en sem svaraði jafnmiklum hluta brunatjónsins sem váttryggingarverð væri mikill hluti sannvirðis húss á þeim tíma, er það yrði fyrir brunatjóni. Skírskotaði félagið í þessu efni til ákvæða í 2. tölulið 6. gr. almennra váttryggingarskilyrða, sem um hafði verið samið, en þar segir, að fari andvirði þeirra muna, er til voru rétt fyrir brunann, fram úr váttryggingarfjárhæð, þá verði bætt hlutfallslega (pro rata).

Hús stefnanda var á þeim tíma, er brunatjónið varð, váttryggt fyrir kr. 53.600.00, en samkvæmt mati, sem váttryggingarfélagið lét framkvæma samtímis mati á brunatjóninu, var sannvirði hússins metið kr. 95.700.00. Taldi váttryggingarfélagið sér ekki skylt samkvæmt framansögðu að greiða stefnanda nema kr. 16.018.39, en það er jafnmikill hluti brunatjónsins og váttryggingarverð hússins er mikill hluti sannvirðismatsins, kr. 95.700.00.

Dómur gekk í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 20. marz 1948 í máli stefnanda á hendur váttryggingarfélaginu og var á þá leið, að félagið var aðeins dæmt til að greiða stefnanda kr. 16.018.39 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi málsins til greiðsludags og kr. 1.800.00 í málskostnað. Þessum dómi vildi stefnandi ekki una og áfrýjaði honum því til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1948. Hæstaréttarmálinu lauk með dómi réttarins, uppkveðnum 23. apríl 1951, og voru úrslitum þau, að dómur bæjarþingsins var staðfestur.

Samkvæmt úrslitum málsins á hendur váttryggingarfélaginu vantar stefnanda kr. 12.581.61, eða hina umstefndu fjárhæð í máli þessu, á það, að hann hafi fengið fjárhæð þá, sem brunatjónið á húsi hans vegna eldsvoðans 17. nóvember 1946 var metið til, greidda að fullu. Telur stefnandi, að bæjarsjóður Reykjavíkur beri gagnvart honum sem húseiganda hér í bænnum ábyrgð á tjóni því, sem hann hafi þannig orðið fyrir. Í fyrsta lagi reisir stefnandi bótaskyldu stefnda á því, að 1. gr. laga nr. 1 frá 1924 hafi lagt þá skyldu á bæjarstjórn Reykjavíkur að semja um fulltryggingu á öllum húsum í bænnum, og í 2. gr. sömu laga séu sett ófrávíkjanleg ákvæði um ákvörðun váttryggingarfjárhæðanna, svo og um það, að váttryggingarfjárhæðirnar skyldu teljast fullvirði húsanna til brunabóta. Lögin hafi því ákveðið fjárhæðir váttryggingarskírteinanna, þau hafi með öðrum orðum verið verðsett með lögum. Á þessu hafi lög nr. 87 frá

1943 enga breytingu gert, en aðeins ákveðið, að hækka skyldi vátryggingarverð húsanna eftir tilteknum reglum. Nú sé það svo, að eftir almennt viðurkenndum vátryggingarreglum heimili verðsett vátryggingarskírteini vátryggðum kröfu til fullra tjónbóta allt að vátryggingarverði, þ. e. a. s. meðan tjónið fari ekki fram úr því. Þetta hafi bæjarstjórnin vitað eða átt að vita, en eigi að síður hafi hún samið svo við vátryggjanda, sem ákvæði 2. töluliðs 6. gr. hinna almennu vátryggingarskilyrða beri vitni um. Slíkt hafi henni verið óheimilt.

Í öðru lagi reisir stefnandi bótaskyldu stefnda á því, að bæjarstjórnin hafi átt að sjá um, að vátrygging húsa í borginni væri full trygging. Vanrækslu starfsmanna bæjarins hafi verið um það að kenna, að svo var ekki. Snemma í maí 1944 hafi stefndu hlotið að vera það ljóst, að húsin í bænum voru vantryggð, en hinn 5. maí 1944 tilkynnti Hagstofa Íslands borgarstjóra Reykjavíkur með bréfi útreikning sinn á vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík fyrir árin 1940—1943. Var vísitalan árið 1940 133 stig, árið 1941 197 stig, árið 1942 286 stig og árið 1943 340 stig. Jafnframt var þess getið í bréfinu, að hvert ár miðaðist við tímabilið frá 1. október til 30. september, t. d. vísitalan 1940 við tímabilið 1. október 1939 til 30. september 1940. Af vísitölunum hafi mátt sjá, að þær hafi ekki gefið nægilega til kynna verðhækkanir húsa hér í bænum, og hefði bæjarstjórn þá átt að hefjast handa.

Þá telur stefnandi, að hús hans, sem árið 1943 var metið til brunabóta á kr. 53.600.00, hafi þá verið metið of lágt af matsmönnum, en á því beri stefndi ábyrgð. Bæjarstjórnin hefði átt að hafa eftirlit með mötunum og staðfesta þau.

Loks reisir stefnandi varakröfu sína á því, að afskipti stefnda af brunabótamálum í bænum hafi verið svo mikil, að rétt hafi verið fyrir einstaklingana að skoða bæjarstjórn sem forsjón sína í þessum efnum. Eigi stefndi því að bera hluta tjóns þess, sem stefnandi hafi beðið vegna þess, að hús hans var vantryggt.

Stefndi hefur mótmælt öllum framangreindum málsástæðum stefnanda. Reisir hann kröfu sína um sýknu á því, að hann hafi á allan hátt farið eftir fyrirmælum fyrrgreindra laga (nr. 1/1924 og nr. 87/1943) og rækt í hvívetna skyldur þær, sem lög þessi lögðu honum á herðar. Telur stefndi, að það hafi að sjálfsgöðu verið skylda hvers húseiganda að fylgjast með því, að hús hans væri á hverjum tíma tryggt fullu verði. Þetta hafi verið húseigendum auðvelt, þar sem hver gjaldseðill fyrir vátryggingariðgjaldi hafi borið með sér vátryggingarfjárhæð viðkomandi húss og hver húseigandi hafi haft heimild til þess að fá hús sitt endurmetið til brunabóta, ef hann teldi það vantryggt. Þetta hafi stefnanda og öðrum húseigendum í Reykjavík verið eða átt að vera ljóst, og það hafi þannig verið á áhættu húseiganda, hvort hús hans var fulltryggt eða ekki. Telur stefndi, að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi í raun rétttri gengið lengra

en henni hafi verið skylt í því efni að gæta hagsmuna húseigenda, þar sem lög nr. 87 frá 1943 hafi verið sett að hennar tilmælum, en ákvæðum þeirra hafi verið ætlað að koma því til leiðar, að brunabótamöt húsa í Reykjavík hækkuðu í samræmi við hækkaðan byggingarkostnað.

Í 1. gr. laga nr. 1 frá 1924 segir: „Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að semja við eitt eða fleiri brunabótafélög um tryggingu gegn eldsvoða á öllum húsum í Reykjavík, enda staðfesti atvinnu-málaráðherra slíkan samning“. Samkvæmt heimild í þessu ákvæði samdi bæjarstjórnin, svo sem áður segir, við Almennar tryggingar h/f um brunatryggingu á öllum húsum í Reykjavík um 5 ára tíma-bil frá 1. apríl 1944 að telja. Í 2. gr. sömu laga segir: „Hafi bæjarstjórn gert slíkan samning, skulu öll hús í lögsagnarumdæminu, hvort sem þau eru almenningseign eða einstakra manna, tryggð hjá félögum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og með þeim kjörum og fyrir þau iðgjöld, sem samningurinn tiltekur. Bæjarstjórnin skal hafa eftirlit með virðingargerðunum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en hún álitur hæfilega. Ný hús skal virða ekki síðar en 4 vikum eftir að þau voru fullgerð eða tekin til afnota.“

Í því ákvæði hér að framan, að öll hús í lögsagnarumdæminu skuli tryggð hjá félögum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir mati dómkvaddra manna, verður ekki talið felast meira en það, að bæjarstjórninni hafi borið að sjá um, að hæfir menn væru dómkvaddir til þess að virða húseignir í bænum og þá jafnframt að hafa eftirlit með því, að húseigendur fengju brunabætur í samræmi við mat þessara virðingarmanna. Til þess verður ekki ætlað af bæjarstjórn, að hún fylgdist með virðingum til brunabóta á einstökum húseignum, og verður því að fallast á það hjá stefnda, að húseigendum hafi sjálfum borið að vera á verði um það og bera áhættuna á því, hvort húseignir þeirra væru virtar til fullnaðarverðs eða ekki. Samkvæmt þessu verður og ekki talið, að vátryggingarskírteini húseigna í Reykjavík hafi verið verðsett með lögum, og var bæjarstjórn heimilt að semja svo sem gert var í 2. tölulið 6. gr. hinna almennu vátryggingarskilyrða.

Með lögum nr. 87 frá 1943 var tveimur málsgreinum bætt við 2. gr. laga nr. 1 frá 1924, svohljóðandi: „Bæjarstjórn er heimilt að breyta árlega brunabótaverði húsa samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík eftir reglum, er bæjarstjórn setur með samþykki ráðherra. Vísitölu byggingarkostnaðarins reiknar Hagstofa Íslands árlega í janúarmánuði samkvæmt verðlagi næstliðins árs, miðað við byggingarkostnað árið 1939. Fyrir janúarlok 1944 reiknar Hagstofan vísitölu byggingarkostnaðar árin 1940—1942“.

Samkvæmt ákvæði fyrri málsgr. samþykkti bæjarstjórn í marz-mánuði 1944 reglur um breytingar á brunabótaverði húsa í Reykja-

vík eftir vísitölu byggingarkostnaðar, og var þeim beitt næstu árin. Síðar voru í apríl 1947 staðfestar af ráðherra nýjar slíkar reglur.

Áður hefur verið getið um útreikning Hagstofunnar á vísitölu byggingarkostnaðar fyrir árin 1940—1943. Vísitalan fyrir 1944, eða tímabilið 1. október 1943 til 30. september 1944, var 356, vísitalan fyrir 1945 var 357, vísitalan fyrir 1946 var 388 og vísitalan fyrir 1947 var 434. Vísitölurnar fyrir árin 1944, 1945 og 1946 voru birtar í janúarblaði Hagtiðindanna hvert árinna 1945, 1946 og 1947, en vísitalan fyrir tímabilið 1. október 1946 til 30. september 1947 var birt í desemberblaði Hagtiðindanna 1947.

Brunabótavirðing sú á húsi stefnanda, kr. 53.600.00, sem fram fór á árinu 1943 og framkvæmd var eftir ákvæðum 2. gr. laga nr. 1 frá 1924, hélzt óbreytt, þar til bruninn varð 17. nóvember 1946, enda leiddu ákvæði laga nr. 87 frá 1943 og reglur settar samkvæmt þeim ekki til hækkunar á brunabótavirðingunni, þar sem í reglunum var ákveðið, að brunabótaverðið skyldi haldast óbreytt næsta tryggingarár, ef vísitalan sýndi ekki meiri breytingu á gildandi brunabótaverði en 5%.

Hér að framan kemur fram, að Hagstofan hefur miðað vísitölu-útreikning sinn við annað tímabil en lög nr. 87 frá 1943 virðast hafa gert ráð fyrir, en um það atriði hefur bæjarstjórn Reykjavíkur ekki getað haft hönd í bagga.

Þegar virt er það, sem hér að framan er rakið, verður ekki annað séð en að stefndi hafi farið eftir fyrirmælum hinna tilvitnuðu laga-ákvæða, að því er varðar brunatryggingar húsa hér í bænum, þar á meðal að því er varðar brunatryggingu á húsi stefnanda. Þykir frekari skylda til forsjónar hagsmunum húseigenda í þessu efni ekki verða lögð á stefnda. Ber því að sýkna hann af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Málssóknarlaun skipaðs talsmanns sækjanda, Sveinbjarnar Jónssonar hæstaréttarlögmanns, er þykja hæfilega ákveðin kr. 3500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Vegna þingleyfis í sambandi við páskahátíðina, og þar sem mál þetta er all viðamikil, hefur dómur eigi orðið kveðinn upp í því fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Magnúsar Vigfússonar, í máli þessu, og falli málskostnaður í því niður.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns sækjanda, Sveinbjarnar Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.